



## **HOLLVINIR GRENSÁSDEILDAR**

### **SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR STARFSÁRIÐ 2017**

Hjálögð er skýrsla stjórnar samtakanna Hollvinir Grensásdeildar fyrir starfsárið 1. janúar til 31. desember 2017.

Reykjavík, 1. júní 2018

Guðrún Pétursdóttir

Þórunn Þórhallsdóttir

Ottó Schopka

Birgir Ingimarsson

Dagbjört Oddný Matthíasdóttir

Baldvin Jónsson

Bryndís Björk Kristjánsdóttir

# AÐALFUNDUR HOLLVINA GRENSÁSDEILDAR 6.JÚNÍ 2018

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Samtökin Hollvinir Grensásdeildar (HG) voru stofnuð 5. apríl 2006. Tilgangur þeirra er að styðja við, efla og styrkja endurhæfingarstarfsemi þá, sem fram fer á Grensásdeild Landspítala Háskólasjúkrahúss. Skal það gert með öflun fjár til þeirrar starfsemi og eins með því að vekja athygli á og hvetja til styrktar starfseminni á opinberum vettvangi.

Aðalfundir hafa verið haldnir árlega, síðast 6. júní 2017. Stjórn var endurkjörin, en Ottó Schopka hafði tilkynnt að hann gæfi ekki kost á sér til formanns að þessu sinni. Stjórn skipti því þannig með sér verkum: Formaður Guðrún Pétursdóttir; varaformaður Birgir Ingimarsson; ritari Dagbjört Oddný Matthíasdóttir; gjaldkeri Þórunn Þórhallsdóttir; og meðstjórnandi Bryndís Björk Kristjánsdóttir. Varamenn: Ottó Schopka og Baldvin Jónsson. Skoðunarmenn reikninga voru kosin Þór Jakobsson og Jóhanna Jóhannesdóttir.

### Helstu verkefni ársins

Auk fjáröflunar, hafa húsnæðismál Grensásdeildar skipað stærstan sess í starfi HG. Í mars 2017 voru fulltrúar stjórnar HG boðnir á fund þar sem kynntar voru tillögur og teikningar THG arkitekta að stækkun húsnæðisins. Um er að ræða 3100m<sup>2</sup> með stórbættri aðstöðu meðal annars fyrir iðjubjálfun, sjúkraþjálfun og aðra endurhæfingu, einstaklingsherbergjum með baði fyrir skjólstæðinga deildarinnar, kennslusal og matsal/kaffihús sem sérhannað er fyrir hreyfihamlaða og opnast út á pall í garðinum.

Í framhaldinu létu HG í samvinnu við THG gera myndband til að kynna þessar fyrirhuguðu endurbætur á húsnæðinu.

Átak var gert í kynningarmálum HG, með gagngerri endurnýjun á vefsíðu samtakanna [www.grensas.is](http://www.grensas.is) og með fésbókar-síðu HG, sem nýttist vel þegar ná þurfti til margra, t.d. vegna Reykjavíkumaraþonsins og jólabasarsins.

Að vanda voru gjafir HG til Grensásdeildar valdar samkvæmt ósk deildarinnar. Annars vegar var keypt ómtæki frá General Electric fyrir 2.2 milljónir króna, og hins vegar var veittur 320 þúsund króna styrkur til kaupa á fiskum í fiskabúrið í anddyri hússins.

Fjáröflun samtakanna er margþætt og verður hér gerð grein fyrir helstu þáttum hennar. Þeir eiga það allir sameiginlegt að vera algerlega háðir hjálpsemi og rausnarskap hinna fjölmörgu velunnara Grensásdeildar. Eru þeim öllum færðar alúðarpakkir.

*Basar:* HG hafa um árábil staðið fyrir jólabasar, sem hefur gegnt tvíþættu hlutverki samstöðuhátíðar og fjáröflunar. Að þessu sinni var hann haldinn í Safnaðarheimili Neskirkju laugardaginn 11. nóvember 2017. Mikil áhersla var lögð á tertur þetta árið, með ómetanlegri aðstoð góðs fagmanns, og bar það frábæran árangur. Tónlistarflutningur setti fallegan svip á

samkomuna, með Barnakór Neskirkju undir stjórn Jóhönnu Halldórsdóttur og hljóðfæraleik starfsfólks og velunnara Grensásdeildar.

*Minningarkort:* Sala minningarkorta er mikilvæg tekjulind HG. Sérstakar þakkir fær Anna Laxdal Þórólfsdóttir, skrifstofustjóri á Grensásdeild, sem hefur annast afgreiðslu minningarkortanna um árabíl.

*Gjafir:* Veglegar gjafir bárust frá velunnurum Grensásdeildar meðal annars í tilefni af afmæli, brúðkaupsafmæli og til minningar um ástvin, sem dvalið hafði á Grensásdeild.

*Reykjavíkumaraþon:* Fjöldi hlaupara safnaði áheitum til styrktar Hollvinum Grensásdeildar í Reykjavíkurlaupi Íslandsbanka.

*Mótorhjólamessan:* Eins og undanfarin ár stóð séra Gunnar Sigurjónsson „kraftaklerkur“, sóknarprestur í Digraneskirkju, fyrir Mótorhjólamessu á annan í hvítasunnu. Grillhúsið hefur styrkt Hollvini Grensásdeildar með sölu "Kraftaklerksins" - hamborgara sem nefndur er eftir séra Gunnari og boðið er upp á í tengslum við Mótorhjólamessuna. Sniglarnir, Bifhjólasamtök Lýðveldisins, styrktu HG með sama framlagi og safnaðist á Grillhúsinu við sölu Kraftaklerksins.

*Creditinfo:* Árleg góðgerðarvika Creditinfo stóð yfir dagana 4-8. desember 2017. Að þessu sinni söfnuðu starfsmenn fyrirtækisins 1,4 milljón króna handa Hollvinum Grensásdeildar, sem afhentar voru við hátíðlega athöfn í húsakynnum fyrirtækisins þann 12. desember 2017.

*Söfnunarbaukur á afmælum:* Baukurinn kom við í ýmsum veislum og mannfögnum á árinu með góðum ávinningi fyrir HG.

*Smartmedia:* Fyrirtækið, sem hannaði vefsíðu HG upphaflega endurgjaldslaust og sem hefur vistað hana síðan gegn árgjaldi, hefur ákveðið að fella gjaldið niður til frambúðar.

*Félagatal og árgjald:* Félagar í HG eru nú 417. Brýnt er að árgjaldið fæli ekki frá og leggur stjórnin til að árgjaldið 2018 verði óbreytt, 2.000 krónur.

### **Starfsáætlun komandi árs**

Lög samtakanna mæla svo fyrir að aðalfundur samþykki starfsáætlun komandi árs. Stjórnin leggur til að HG leggi megináherslu á að styðja hinar brýnu endurbætur á húsnæði Grensásdeildar. Einnig verði aðstoð veitt til kaupa á tækjum og búnaði, sem deildina vanhagar um. Unnið verði áfram að fjáröflun á vegum HG, einkum eflingu basarsins, og nýrra fjáröflunarleiða leitað.

### **Lokaorð**

Stjórn HG þakkar af alhug öllum, sem stutt hafa starf HG á árinu. Stjórnin þakkar sérstaklega starfsfólki Grensásdeildar og vottar þeim virðingu sína og aðdáun fyrir hið frábæra starf sem það vinnur, oft undir afar erfiðum kringstæðum. Hinn góði árangur Grensásdeildar er fyrst og fremst starfsfólki hennar að þakka.